

2014:4 • 11. mars 2014

## Fjármál hins opinbera 2013, bráðabirgðauppgjör

*General government finances 2013, preliminary accounts*

*Samantekt* Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 37,1 milljarð króna árið 2013 eða 2,1% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 65 milljarða króna árið 2012 eða 3,8% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera námu um 789 milljörðum króna og hækkuðu um 6,6% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 44,2% samanborið við 43,6% árið 2012. Útgjöld hins opinbera voru 826 milljarðar króna og jukust um 2,6% milli ára en hlutfall þeirra af landsframleiðslu lækkaði milli ára, fór úr 47,4% í 46,3%.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála árið 2013 voru 161,8 milljarðar króna eða 9,1% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 130,2 milljarðar króna en hlutur heimila 31,6 milljarðar eða 19,5%. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 402 þúsundum króna og hafa þau að raungildi lækkað um 57 þúsund krónur frá árinu 2008 eða um 12,4%.

Til fræðslumála var ráðstafað 144,6 milljörðum króna 2013 eða 8,1% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera um 130,3 milljarðar króna og hlutur heimilanna rúmlega 14,3 milljarðar króna eða tæp 10%. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 402 þúsund krónum og hafa þau að raungildi lækkað um rúmar 60 þúsund krónur frá árinu 2008 eða um 13,1%.

### Inngangur

*Fjármál hins opinbera eru í brennidepli í þessu riti*

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Vikið verður að afkomuþróun hins opinbera, gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum, og heilbrigðis- og menntamálum eru gerð skil í talnaefni og myndum.


## Umfang hins opinbera

Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrönga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

### Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2013

Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2013



Árið 2013 runnu 72,7% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 27,0% til sveitarfélaga (sjá mynd 1). Af tekjum ríkissjóðs runnu 32,2% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárframlög eða 161,9 milljarðar króna til almannatrygginga og 25,3 milljarðar króna til sveitarfélaga. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 18,6% eða 153,5 milljarðar króna, sveitarfélaga 29,5% eða 243,6 milljarðar króna, og ríkissjóðs 51,9% eða 429,1 milljarður króna.


## Afkoma hins opinbera

Tekjuhalli hins opinbera nam 2,1% af landsframleiðslu 2013 samanborið við 3,8% 2012

Samkvæmt bráðabirgðatölum var tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 37,1 milljarð króna árið 2013 eða sem nemur 2,1% af landsframleiðslu og 4,7% af tekjum þess. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 65,3 milljarða króna árið 2012 eða 3,8% af landsframleiðslu. Hagstæðari afkoma 2013 skýrist fyrst og fremst af auknum skatttekjum en þær jukust um 6,4% milli ára. Á sama tíma jukust útgjöld hins opinbera um 2,6% milli 2012 og 2013. Þar af vó þyngst hækkun launakostnaðar og fjárfestingar. Á móti þessari útgjaldaaukningu drógust tilfærslu-útgjöld saman en gjaldfærðar voru 4,5 milljarðar króna vegna Íbúðalánasjóðs samanborið við að á árinu 2012 nam sú gjaldfærsla 13,0 milljörðum króna.

## Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Árið 2013 er áætlaður tekjuhali ríkissjóðs 34,5 milljarðar króna eða 1,9% af landsframleiðslu, samanborið við 58,5 milljarða króna árið 2012 eða 3,4% af landsframleiðslu.

## Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2007–2013

Table 1. General government finances 2007–2013

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013 <sup>1</sup>
Tekjur hins opinbera <i>General gov. revenue</i>	623,8	653,6	614,3	637,3	681,1	740,3	789,1
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	553,1	853,7	763,3	791,9	771,8	805,6	826,3
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	70,7	-200,2	-149,0	-154,6	-90,7	-65,3	-37,1
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Tekjur hins opinbera <i>Gen. gov. revenue</i>	47,9	44,1	41,0	41,5	41,8	43,6	44,2
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	42,5	57,7	51,0	51,6	47,4	47,4	46,3
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	5,4	-13,5	-9,9	-10,1	-5,6	-3,8	-2,1
Tekjuafkoma ríkissjóðs <i>Central gov. NLB</i>	3,9	-12,9	-8,3	-9,4	-5,7	-3,4	-1,9
Tekjuafkoma sveitarfélaga <i>Local gov. NLB</i>	0,6	-0,9	-1,0	-0,8	-0,3	-0,4	-0,3
Tekjuafkoma almannatrygg. <i>SSF NLB</i>	0,9	0,3	-0,7	0,1	0,4	0,0	0,2

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tekjuhali sveitarfélaga var 6,2 milljarðar króna 2013 samanborið við 7,3 milljarða króna árið 2012

Tekjuhali sveitarfélaga árið 2013 er áætlaður 6,2 milljarðar króna eða 0,3% af landsframleiðslu og 2,6% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuhali þeirra 7,3 milljarðar króna árið 2012 eða 0,4% af landsframleiðslu. Skatttekjur sveitarfélaga jukust um 5,4% milli ára.


## Tekjur hins opinbera

Tekjur hins opinbera námu 44,2% af landsframleiðslu árið 2013 og hækkuðu um 6,6% milli ára.

Tekjur hins opinbera námu 789,1 milljarði króna árið 2013 og jukust um 6,6% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 44,2% samanborið við 43,6% 2012 og 41,8% árið 2011. Tekjurnar sem hlutfall af landsframleiðslu eru nú svipaðar og árið 2008 en hæstar mældust þær árin 2006 og 2007 eða um 48% af landsframleiðslu. Tekjur ríkissjóðs hækkuðu úr 32,0% af landsframleiðslu 2012 í 32,6% 2013 og tekjur sveitarfélaga hækkuðu lítillega eða úr 13,3% af landsframleiðslu í 13,4%. Tekjur almannatrygginga námu 9,2% af landsframleiðslu árið 2013 en voru 9,3% árið 2012.

### Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP



### Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2007–2013

Table 2. General government total revenue 2007–2013

Í milljörðum króna In billion ISK	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013 <sup>1</sup>
Hið opinbera General government	623,8	653,6	614,3	637,3	681,1	740,3	789,1
Ríkissjóður Central government	454,6	476,9	447,4	470,8	495,8	543,6	581,7
Sveitarfélög Local governments	185,3	193,4	189,3	192,6	214,7	225,7	238,6
Almannatryggingar Social security funds	103,3	113,2	133,6	142,9	160,8	157,9	164,3
<b>Hlutfall af VLF Per cent of GDP</b>							
Hið opinbera General government	47,9	44,1	41,0	41,5	41,8	43,6	44,2
Ríkissjóður Central government	34,7	32,2	29,9	30,7	30,4	32,0	32,6
Sveitarfélög Local governments	14,2	13,1	12,6	12,5	13,2	13,3	13,4
Almannatryggingar Social security funds	7,9	7,6	8,9	9,3	9,9	9,3	9,2

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera um 663 milljörðum króna 2013 eða 37,3% af landsframleiðslu


Megintekjustofn hins opinbera eru skatttekjur og tryggingagjöld sem skiluðu 81,4% tekna þess árið 2013. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þessar tekjur aukist úr 36,8% af landsframleiðslu árið 2012 í 37,1% árið 2013. Hæst mældist þetta hlutfall árið 2006 er það var 41,4% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur hins opinbera, eins og sölu- og eignatekjur, jukust um 9,4% milli ára. Þar munar mestu um auknar arðgreiðslur frá fyrirtækjum í eigu ríkisins.

**Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2007–2013***Table 3. General government main income types 2007–2013*

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013 <sup>1</sup>
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	623,8	653,6	614,3	637,3	681,1	740,3	789,1
Skatttekjur <i>Taxes</i>	490,5	500,8	459,9	474,1	517,8	559,7	595,3
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	39,6	41,6	45,9	63,6	66,8	64,9	68,0
Fjárframlög <i>Grants</i>	1,1	1,5	2,2	2,4	2,9	3,7	3,2
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	92,6	109,6	106,3	97,2	93,5	112,1	122,6
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	47,9	44,1	41,0	41,5	41,8	43,6	44,2
Skatttekjur <i>Taxes</i>	37,7	33,8	30,7	30,9	31,8	32,9	33,3
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	3,0	2,8	3,1	4,1	4,1	3,8	3,8
Fjárframlög <i>Grants</i>	0,1	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	7,1	7,4	7,1	6,3	5,7	6,6	6,9

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera um 51,6% skatttekna og 17,2% af landsframleiðslu. Skattar á vöru og þjónustu voru 33,7% þessara tekna eða um 12,4% af landsframleiðslu. Þar af var virðisaukaskatturinn um 8,4%.

**Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu***Figure 3. The general government main taxes as per cent of GDP*

Eignaskattar hins opinbera námu 2,5% af landsframleiðslu árið 2013 og vögu fasteignaskattar þar þyngst, en áætlað er að þeir hafi skilað hinu opinbera 28,1 milljarði króna það ár sem er 6,2% hærri fjárhæð en árið 2012.

Tekjur af sköttum á alþjóðaverslun og viðskipti, einkum tollum, drógust saman um 27% frá árinu 2012, sem skýrist af styrkingu gengis og samdrætti í innflutningi. Á jukust aðrar skatttekjur um 12,7% milli ára. Sú aukning skýrist aðallega af viðbótargjaldi af bankastarfsemi sem kom inn árið 2013.

**Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2007–2013**

Table 4. General government taxes and social contributions 2007–2013

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013 <sup>1</sup>
Skattar og tr.gjöld <i>Taxes and social contrib.</i>	40,5	36,6	33,8	35,0	35,9	36,8	37,1
Skattar á tekjur og hagnað <i>Taxes on income</i>	18,4	17,8	16,0	15,6	16,4	16,7	17,2
Skattar á launagreiðslur <i>Taxes on payroll</i>	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	0,3	0,4
Eignaskattar <i>Taxes on property</i>	2,4	2,2	2,1	2,3	2,3	2,5	2,5
Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on G&amp;S</i>	16,0	13,2	11,7	12,0	12,1	12,5	12,4
Skattar á alþ.viðskipti <i>Taxes on intern. trade</i>	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,5	0,3
Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,1	0,1	0,4	0,4	0,4	0,5	0,6
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	3,0	2,8	3,1	4,1	4,1	3,8	3,8

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 2007–2013**

Table 5. The general government tax on income and profits 2007–2013

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013 <sup>1</sup>
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	241,4	263,5	239,9	239,7	266,8	283,2	307,0
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	180,1	195,6	192,3	197,3	220,6	234,5	249,0
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	32,6	28,5	26,5	14,6	29,5	34,0	38,5
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest &amp; cap. gains</i>	28,8	39,3	21,1	27,7	16,8	14,8	19,6
<b>Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i></b>							
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	18,5	17,8	16,0	15,6	16,4	16,7	17,2
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	13,8	13,2	12,8	12,8	13,5	13,8	13,9
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	2,5	1,9	1,8	1,0	1,8	2,0	2,2
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest &amp; cap. gains</i>	2,2	2,7	1,4	1,8	1,0	0,9	1,1

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

## Útgjöld hins opinbera

Útgjöld hins opinbera drógust saman sem hlutfall af landsframleiðslu

Útgjöld hins opinbera eru áætluð um 826 milljarðar króna árið 2013 og jukust um 2,6% milli ára. Þrátt fyrir aukningu lækkaði hlutfall útgjalda af landsframleiðslu úr 47,4% 2012 í 46,3% 2013. Launakostnaður jókst um 6,3% milli ára og fjárfesting um 14,3%. Aukningin í fjárfestingunni skýrist meðal annars af Vaðlaheiðargöngum en fjárfestingin þar var um 1,9 milljarðar króna. Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög lækkuðu um 16,1% milli ára. Þar munar mestu um Íbúðalánasjóð eins og áður er getið.

**Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2007–2013**

Table 6. The general government expenditure 2007–2013

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013 <sup>1</sup>
Hið opinbera <i>General government</i>	553,1	853,7	763,3	791,9	771,8	805,6	826,3
Ríkissjóður <i>Central government</i>	403,2	668,6	571,1	614,4	588,4	602,1	616,3
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	177,3	206,3	204,2	205,5	219,4	233,1	244,7
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	92,0	108,8	144,1	141,0	154,2	157,3	160,7
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Hið opinbera <i>General government</i>	42,5	57,7	51,0	51,6	47,4	47,4	46,3
Ríkissjóður <i>Central government</i>	31,0	45,2	38,1	40,0	36,1	35,4	34,5
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	13,6	13,9	13,6	13,4	13,5	13,7	13,7
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	7,1	7,1	9,6	9,2	9,5	9,3	9,0


<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Heildarútgjöld ríkissjóðs jukust um 2,4% milli ára en útgjöld sveitarfélaga um 5,0%. Útgjöld almannatrygginga jukust um 2,1% en sem hlutfall af landsframleiðslu voru þau 9,0% árið 2013 en þau mældust hæst árið 2009 eða 9,6%.

Síðustu ár hafa verið fjárhag hins opinbera þung í skauti en í uppgjöri ársins 2011 eru 19,2 milljarða útgjöld vegna áfallinna ríkisábyrgða, í uppgjöri 2010 eru 60 milljarða útgjöld sem samanstanda af 33 milljarða framlagi til Íbúðalánasjóðs og 27 milljarða áfallinni ríkisábyrgð. Þá voru 13 milljarðar króna gjaldfærðar vegna Íbúðalánasjóðs árið 2012.

#### Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP



Ef hagræn útgjöld hins opinbera eru skoðuð sést að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup að fráðreginni sölu á vöru og þjónustu, voru sem hlutfall af landsframleiðslu 25,5% og jukust um 1,3% að raungildi frá árinu 2012. Launaútgjöldin eru stærsti hluti samneysluútgjaldanna eða um 58%.

Fjárfestingarútgjöld hins opinbera jukust á árinu 2013 en sem hlutfall af landsframleiðslu er fjárfestingin áætluð 2,2% og er þetta annað árið í röð sem hún eykst eftir að hafa dregist saman frá 2008 til 2011.

**Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2007–2013**Table 7. *The general government expenditure by economic type 2007–2013*


Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013 <sup>1</sup>
Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	42,3	57,7	51,0	51,6	47,4	47,4	46,3
Laun <i>Wages and salaries</i>	14,8	14,6	15,0	14,8	14,5	14,8	14,9
Kaup á vöru og þjón. <i>Use of goods &amp; services</i>	10,8	11,6	12,5	12,2	11,8	11,8	11,8
Vaxtagjöld <i>Interest</i>	2,6	3,3	6,6	5,5	5,2	5,6	5,3
Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	1,8	1,8	1,9	1,8	1,8	1,8	1,8
Félagslegar tilf. til heimila <i>Social benefits</i>	5,8	6,1	8,1	7,9	8,5	8,0	7,4
Önnur tilfærsluútgjöld <i>Other expenditure</i>	2,2	15,5	3,0	6,2	3,6	3,2	2,5
Fjárfesting <i>Acquisition of nonfinancial assets</i>	4,2	4,5	3,5	2,9	1,8	2,0	2,2

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárframlög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 11,8% af landsframleiðslu. Útgjöldin drógust saman milli ára en þar munar mestu um að framlög til Íbúðalánasjóðs fara úr 13 mö. króna í 4,5 ma og minni útgjöld vegna vaxta- og barnabóta.

Vaxtagjöld hins opinbera námu um 94 milljörðum króna 2013 eða 5,3 % af landsframleiðslu

Vaxtaútgjöld hins opinbera drógust lítillega saman milli áráanna 2012 og 2013 eða um 1,4%. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu vaxtagjöld hins opinbera 5,3% árið 2013 en 5,6% árið 2012.

**Mynd 6. Þrjár stærstu málaflokkar hins opinbera sem hlutfall af VLF**Figure 6. *General government main expenditure functions as per cent of GDP*



## Heilbrigðismál

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera námu 7,3% af landsframleiðslu árið 2013

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 2013 námu 130,2 milljörðum króna<sup>1</sup> eða 7,3% af landsframleiðslu. Sem hlutfall af landsframleiðslu voru þau mjög svipuð og árin 2011 og 2012. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2013 fóru um 15,8% til heilbrigðismála.

### Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2007–2013

Table 8. The general government expenditure on health 2007–2013

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013 <sup>1</sup>
Heilbrigðisútgjöld alls <i>Expenditure on health</i> <sup>2</sup>	7,5	7,5	7,9	7,5	7,3	7,3	7,3
1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i>	0,7	0,8	0,9	0,8	0,8	0,7	0,7
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i>	1,4	1,4	1,5	1,4	1,4	1,4	1,4
3. Sjúkrahúsþjónusta <i>Hospital services</i>	5,2	5,1	5,3	5,0	4,8	4,9	4,9
4. Forvarnir og alm. heilb.þj. <i>Public health serv.</i>	0,1	0,0	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0
5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i>	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,3

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Kaup heimila á heilb.þjón. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 8 en ýtarlegri sundurliðun er að finna í töflu 22 í töfluviðauka. Árið 2013 var 4,9% af landsframleiðslu ráðstafað til sjúkrahúsþjónustu og hefur það hlutfall verið mjög svipað síðan árið 2010. Að raungildi á mann stóðu útgjöld til sjúkrahúsastofnana og vegna þjónustu við ferlisjúklinga í stað en útgjöld vegna lyfja- og hjálpartækjakaupa drögust saman um 9,4%.

Af opinberum útgjöldum til heilbrigðisþjónustu var hlutur almennrar sjúkrahúsþjónustu um 67,7%. Þjónusta við ferlisjúklinga, þar sem þyngst vega almenn heilsugæsla og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa, var um 1,4% af landsframleiðslu eða 19,5% af heilbrigðisútgjöldum. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður nam árið 2013 um 9,9% opinberra útgjalda til heilbrigðismála eða 0,7% af landsframleiðslu.

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

**Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2013**Table 9. *The expenditure on health 1998–2013*

	Alls, millj. kr. <i>Total, mill. ISK</i>	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Percent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Heilbr.útgj.- staðvirt <sup>1</sup> <i>Health exp. in fixed prices<sup>1</sup></i>	Heilbr.útgj.- staðvirt á mann <sup>1</sup> <i>Health exp. per capita<sup>1</sup></i>
		Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House- holds</i>	Alls <i>Total</i>			
1998	52.396	7,16	1,74	8,91	19,6	100,0	100,0
1999	60.878	7,91	1,72	9,63	17,8	108,5	107,1
2000	64.954	7,70	1,80	9,50	18,9	108,7	105,8
2001	72.106	7,56	1,78	9,34	19,0	110,9	106,5
2002	82.890	8,31	1,84	10,15	18,1	117,5	111,9
2003	87.361	8,48	1,90	10,38	18,3	119,1	112,7
2004	91.907	8,04	1,86	9,89	18,8	120,2	112,5
2005	96.857	7,68	1,76	9,44	18,6	120,6	111,6
2006	106.683	7,48	1,65	9,13	18,0	121,5	109,3
2007	118.962	7,54	1,60	9,14	17,5	126,5	111,2
2008	135.221	7,56	1,59	9,15	17,4	129,1	110,7
2009	144.335	7,90	1,74	9,64	18,0	125,3	107,5
2010	142.567	7,46	1,82	9,28	19,6	119,1	102,6
2011	147.431	7,28	1,78	9,05	19,6	118,0	101,3
2012	153.981	7,30	1,76	9,06	19,4	116,1	99,1
2013	161.815	7,29	1,77	9,06	19,5	117,9	99,5

<sup>1</sup> Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. Magnvísitala, 1998=100. *Health expenditure deflated by price index of government final consumption. Volume index 1998=100.*

Í töflu 22 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru 402 þúsund krónur á mann árið 2013 en frá árinu 2008 hafa þau lækkað um 12,4% á mann á föstu verði. Á árunum 2002 til 2008 voru þau aftur á móti svipuð á föstu verði eða á bilinu 445–458 þúsund krónur á verðlagi 2013. Á árinu 2013 var kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa 272 þúsund krónur á mann, vegna heilsugæslu rúm 78 þúsund og vegna lyfja og hjálpertækja rúmlega 36 þúsund krónur á mann.

162 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála á árinu 2013, eða 9,1% af landsframleiðslu

Í töflu 9 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998–2013, mæld sem hlutfall af landsframleiðslu. Einnig eru sýnd heilbrigðisútgjöld á mann á föstu verði. Þar sést að á árinu 2013 nam heilbrigðiskostnaður 162 milljörðum króna eða 9,1% af landsframleiðslu. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 er þau námu 10,4%. Tæp 20% útgjaldanna árið 2013 voru fjármöggnuð af heimilunum. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa vaxið um 18% frá árinu 1998 en útgjöld á mann hafa lækkað um 0,5% á sama tíma.

## Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 130 milljörðum króna, eða 7,3% af landsframleiðslu

Hrein útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 130,3 milljörðum króna á árinu 2013<sup>1</sup> eða 7,3% af landsframleiðslu (sjá töflu 10). Tæplega helmingur útgjaldanna rann til grunnskólastigsins. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera um 21% útgjaldanna eða 1,6% af landsframleiðslu. Framhaldsskólastigið tók til sín minna eða 17% útgjaldanna. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu um 9,6% og hefur það verið svipað síðustu árin. Að raungildi á mann jukust útgjöld til leik- og grunnskóla lítillega og um 2,6% til háskólastigsins. Útgjöld til fram-

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til fræðslumála hafa verið dregin kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera sem flokkast með einkaneyslu heimilanna.

haldsskólastigs á mann að raungildi drógust hins vegar saman um 0,6%. Útgjöld til stöðþjónustu og stjórnunar námu um 5,7% af útgjöldum hins opinbera. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2013 fara um 15,8% til fræðslumála.

### Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2007–2013

Table 10. The general government expenditure on education 2007–2013

Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013 <sup>1</sup>
<b>Fræðsluútgj. alls<sup>2</sup> <i>Expenditure on education<sup>2</sup></i></b>	<b>7,4</b>	<b>7,6</b>	<b>7,8</b>	<b>7,6</b>	<b>7,1</b>	<b>7,2</b>	<b>7,3</b>
1. Leikskólastig <i>Pre-primary education</i>	0,7	0,7	0,8	0,7	0,7	0,7	0,7
2. Grunnskólastig <i>Primary and sec. education</i>	3,6	3,6	3,7	3,5	3,4	3,4	3,4
3. Framhaldsskólastig <i>Upper secondary edu.</i>	1,3	1,3	1,4	1,3	1,2	1,2	1,2
4. Háskólastig <i>Tertiary education</i>	1,4	1,5	1,6	1,6	1,4	1,5	1,6
5. Önnur skólastig <i>Other school leves</i>	0,2	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
6. Önnur fræðslumál ót.a.s. <i>Education n.e.c.</i>	0,2	0,1	0,1	0,1	0,2	0,1	0,2

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Kaup heimila á fræðsluþj. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education is excluded.*

### Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2013

Table 11. The expenditure on education 1998–2013

	Alls, millj. kr. <i>Total, mill. ISK</i>	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Percent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Fræðslu.útgj.- staðvirt <sup>1</sup> <i>Edu. exp. in fixed prices<sup>1</sup></i>	Fræðslu.útgj.- staðvirt á mann <sup>1</sup> <i>Edu. exp. per capita<sup>1</sup></i>
		Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House- holds</i>	Alls <i>Total</i>			
1998	42.010	6,45	0,69	7,14	9,7	100,0	100,0
1999	46.257	6,61	0,70	7,31	9,6	103,5	102,2
2000	50.481	6,67	0,71	7,38	9,6	106,2	103,5
2001	59.400	6,97	0,73	7,70	9,4	115,5	110,9
2002	68.931	7,64	0,81	8,44	9,6	123,5	117,6
2003	71.049	7,55	0,89	8,44	10,6	121,8	115,3
2004	77.350	7,47	0,85	8,32	10,2	127,7	119,5
2005	86.466	7,59	0,84	8,43	9,9	136,2	126,0
2006	97.658	7,55	0,81	8,36	9,7	141,6	127,4
2007	106.411	7,36	0,77	8,13	9,5	145,0	127,5
2008	122.411	7,56	0,71	8,27	8,6	151,6	130,0
2009	128.008	7,81	0,74	8,55	8,7	144,9	124,3
2010	128.206	7,60	0,75	8,35	9,0	139,6	120,2
2011	128.462	7,14	0,74	7,89	9,4	134,5	115,4
2012	135.750	7,22	0,78	7,99	9,7	134,4	114,8
2013	144.580	7,29	0,80	8,09	9,9	137,7	116,3

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. Magnvísitala, 1998=100. *Expenditure on education deflated by price index of government final consumption. Volume index, 1998=100*

Í töflu 23 í töfluviðauka kemur fram að útgjöld til fræðslumála voru um 402 þúsund krónur á mann árið 2013 sem er mjög svipað og síðustu tvö ár og sama fjárhæð og útgjöldin til heilbrigðismála. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála eru samneysluútgjöld, en fjárfestingarútgjöld vega einnig þungt.

Til fræðslumála í landinu er ráðstafað 8,1% af landsframleiðslu, eða 145 milljörðum króna

Í töflu 11 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála um 8,1% af landsframleiðslu árið 2013. Tæp 10%% útgjaldanna eru fjármögnuð af heimilunum og hefur sú hlutdeild aukist síðustu fjögur árin. Fræðsluútgjöldin alls á föstu verði<sup>1</sup> hafa dregist saman um 9,1% frá 2008 en árin þar á undan höfðu þau vaxið jafnt og þétt. Frá árinu 1998 hafa þessi útgjöld vaxið um 37,7% á föstu verði eða um 16,3% á mann.

## Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir hins opinbera minnkuðu um 43 milljarða króna árið 2013

Peningalegar eignir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 1.201 milljarði króna í árslok 2013 eða sem nemur 67,2% af landsframleiðslu. Þær drógust saman um 43 milljarða króna á árinu. Lánveitingar námu 205 milljörðum króna í árslok 2013, sjóður og bankainnistæður námu 430 milljörðum króna í árslok og hlutafjareign 369,5 milljörðum króna. Hér er um áætlun út frá greiðslutölum að ræða og geta niðurstöður því breyst þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir.

Heildarskuldir hins opinbera voru 2.191 milljarður króna 2013

Heildarskuldir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 2.191 milljarði króna í árslok 2013 eða 122,6% af landsframleiðslu. Hlutfallið var 132,4% árið 2011 og hafði þá hækkað á hverju ári frá árinu 2007 er það var 53,3%. Erlendar lántökur námu í árslok 410 milljörðum króna eða 23% af landsframleiðslu. Innlendar lántökur námu 328,2 milljörðum króna í árslok, verðbréfaskuldir tæpum 867 milljörðum króna og þá voru viðskiptaskuldir áætlaðar 123 milljarðar króna.

### Tafla 13. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2007–2013

Table 13. The general government financial assets and liabilities 2007–2013


Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013 <sup>1</sup>
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	54,3	76,2	79,9	76,9	78,8	73,8	67,2
Skuldir <i>Liabilities</i>	53,3	102,2	119,8	125,1	132,4	129,5	122,6
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	9,6	20,9	41,7	47,0	48,4	49,4	48,5
Lántökur <i>Loans</i>	18,9	49,5	46,2	46,0	50,9	47,4	41,3
Innlendar lántökur <i>Domestic loans</i>	5,6	24,9	19,2	21,2	21,5	20,6	18,4
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	13,3	24,6	27,0	24,8	29,4	26,8	23,0
Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	20,5	25,8	25,3	24,9	25,6	25,8	25,9
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	4,3	6,0	6,6	7,2	7,4	6,8	6,9
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	1,0	-26,0	-39,8	-39,8	-53,6	-55,7	-55,4

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld eru staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar, en undirþáttur hennar er launavísitala opinberra starfsmanna. Með notkun launavísitölu kennara væri staðvirðingin nákvæmari.

### Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP



### Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu [Hagstofunnar](#).

## English summary

In 2013, the financial balance of the general government was 37.1 billion ISK in deficit or 2.1% of GDP, which can be compared with a deficit of 3.8% of GDP for 2012. The reduced deficit in 2013 can be explained by 6.6% increase in revenue and 2.6% increase in expenditure. The general government total revenue amounted to 44.2% of GDP in 2013, compared with 43.6% in 2012 and 41.8% in 2010. The general government total expenditure amounted to 46.3% of GDP in 2013 compared with 47.4% in 2012.

In 2013, the total expenditure on health was 9.1% of GDP, of which 80.1% was financed by the general government and the rest by households. The health expenditure per capita was 402 thousand ISK in 2013 and has decreased by 57 thousand ISK (2013 prices) since 2008 or by 12.4% . The total expenditure on education was 145 billion ISK in 2013 or 8.1% of GDP, of which 90.1% was financed by the general government. The expenditure per capita was 402 thousand ISK in 2013 and has decreased by 60 thousand ISK from 2008 in 2013 prices.

An assessment based on cash transactions data shows that the general government net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, were negative by 990 billion ISK in 2013 or 55.4% of GDP. The general government total financial assets amounted to 1,201 billion ISK at the end of 2013 and the total liabilities, 2,191 billion ISK.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of [Statistics Iceland](#).

**Tafla 14. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2008–2013**

Table 14. The general government statement of operations 2008–2013

Verðlag hvers árs, í milljónum króna <i>Current prices, in million ISK</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>653.559</b>	<b>614.290</b>	<b>637.289</b>	<b>681.134</b>	<b>740.324</b>	<b>789.114</b>
11 Skatttekjur <i>Tax revenue</i>	500.773	459.925	474.064	517.824	559.651	595.347
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	41.644	45.912	63.599	66.820	64.882	68.003
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	1.502	2.156	2.403	2.944	3.733	3.180
14 Aðrar tekjur <i>Other revenues</i>	109.640	106.297	97.223	93.546	112.057	122.583
<b>Heildargjöld (2+31)<sup>1</sup> <i>Total expenditure (2+31)<sup>1</sup></i></b>	<b>853.725</b>	<b>763.327</b>	<b>791.880</b>	<b>771.800</b>	<b>805.617</b>	<b>826.256</b>
<b>2 Rekstrarútgjöld <i>Expenses</i></b>	<b>814.936</b>	<b>742.678</b>	<b>780.780</b>	<b>777.200</b>	<b>808.085</b>	<b>824.955</b>
21 Laun <i>Compensation of employees</i>	216.200	223.978	227.055	236.795	250.730	266.547
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	171.386	187.459	186.892	191.369	200.655	211.064
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	27.214	31.992	33.601	35.076	37.090	38.274
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	49.497	98.553	84.823	84.150	95.812	94.425
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	27.326	28.005	27.489	29.133	30.478	32.328
